

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynja-
hlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar (ÁI, GSv, LB, VS).

1. Við 2. gr. Í stað 2. efnismáls. komi tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „83. gr.“ í a-lið komi: 84. gr.
3. Við 8. gr. Í stað 2. efnismáls. komi tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í einkahlutafélögum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Haldi hlutafélag aðalfund innan lögmaeltra tímamarka árið 2009 er því þó heimilt að fresta framkvæmd ákvæða um starfandi stjórnarformann til næsta aðalfundar þar á eftir.